

Ed. **64. Frumvarp til laga** [58. mál]

um breyting á lögum nr. 34 18. febrúar 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo (ný gr.):

Ráðherra er heimilt að endurgreiða verðjöfnunargjald samkv. 2. gr. af því magni olíu, sem togarar nota.

Ákveða skal með reglugerð nánar um framkvæmd heimildar þessarar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verðjöfnun á olíum og benzíni hefur verið framkvæmd síðan 1953, samkvæmt lögum nr. 34 18. febr. 1953. Þegar hún hófst, voru togarar gerðir út frá mörgum stöðum í öllum landshlutum. Nú er aðstaðan hins vegar breytt. Togaraútgerð er nú nær eingöngu starfrækt frá Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri. Afkoma togaranna er svo sem alkunnugt er mjög slæm. Þá hefur og orðið sú breyting, að neyzla þeirra oliutegunda (gasolía og fuelolía), sem togararnir nota, hefur aukizt mjög hjá öðrum aðilum (t. d. síldarverksmiðjum), sem hafa betri afkomumöguleika. Verðjöfnunargjald á fuelolíu er nú kr. 130.00 per tonn, en á gasolíu 16.5 aurar pr. ltr.

Með skírskotun til framanritaðs, þykir því rétt að gera þá breytingu á lögnum um verðjöfnun á benzíni og olíum, að ráðherra verði veitt heimild til endurgreiðslu á verðjöfnunargjaldi því, sem togarar greiða í sjóðinn.